



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2005

Efni: Frumvarp til vatnalaga, 413. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp og er þetta sameiginleg umsögn samtakanna.

Vatnalög nr. 15 frá 1923 eru komin til ára sinna og sjálfsagt kominn tími til að endurskoða þau. Í þessum lögum er talin upp sú hagnýting sem eignaraðilum vatnsréttinda er heimil og almennar reglur um hvernig með eignarréttinn skuli fara enda eðli vatna að liggja að mörgum landareignum og mikilvægt að réttarreglur um samskipti landeigenda séu skýrar. Í frumvarpi því sem hér til umfjöllunar er hins vegar gert ráð fyrir að landeigendum sé heimil almenn hagnýting vatnsréttinda. Þessi breyting er til bóta og lýsa samtökin stuðningi við hana og við efni frumvarpsins í heild.

Það er hins vegar ástæða til að hafa áhyggjur af mjög umfangsmikilli lagasetningu á þessu sviði. Það frumvarp sem hér um ræðir er aðeins einn hluti en svo verður öll nýting vatns, stór og smá, felld undir lög um jarðrænar auðlindir ef frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi nær fram að ganga. Eins er í frumvarpi til vatnalaga boðað frumvarp til vatnsverndar þar sem ætlunin mun að leiða í lög tilskipun ESB á þessu sviði. Hafa þarf einnig til hliðsjónar ákvæði um vöktun, mælingar og mengunarvarnir sem eru í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Svo má hafa í huga þingsályktun þá sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 2003 og fjallaði um neysluvatn.

Það er afar mikilvægt að ekki sé misræmi milli laga, að skilgreiningar séu eins þegar verið er að fjalla um sama hlut og að lögin séu fyllilega í innbyrðis samræmi. Sem dæmi má nefna að mismunandi skilgreiningar á grunnvatni er að finna í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar og frumvarpinu um jarðrænar auðlindir. Í frumvarpi um jarðrænar auðlindir er tekið fram að eignarréttur að auðlindum fylgi eignarlandi en í frumvarpi til vatnalaga fylgir eignarrétturinn fasteign hverri.

Fyrir atvinnulífið er aðgangur að hreinu og ómengdu grunnvatni mjög mikilvægur og nauðsynlegt að allar reglur á þessu sviði séu skýrar, einfaldar og gegnsæjar. Þess vegna er æskilegt að öll þessi frumvörp taki mið hvert af öðru og þótt það sé tekið fram í greinargerð þessa frumvarps að það eigi í engu að skarast við væntanlegt frumvarp um stjórn vatnsverndar þá er

ekki víst að höfundar greinargerðarinnar sjái fyrir öll tilvik sem upp geta komið eða hafi auga á öllum hagsmunum sem málum þessum tengjast.

Því er æskilegt að geta fjallað um öll þessi frumvörp á svipuðum eða sama tíma.

Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við frumvarp til vatnalaga einkum hvað varðar gildissvið þess og stjórnarsýslubátt.

Gildissvið:

- A. Í vatnalögum nr. 15/1923 er gert ráð fyrir því í 9. grein að landeigenda sé rétt að hagnýta sér „*jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar, svo sem hér segir, enda sé eigi önnur lögmæt skipun á gerð*” og eru reglur um þessi vötn mun einfaldari en um önnur. Hér er lagt til að minni háttar vötn verði undanþegin lögunum sérstaklega. Í frumvarpinu hins vegar er gert ráð fyrir að öll vötn falli undir gildissvið þess. Þá virðist gilda einu hvort um sé að ræða tilfærslu á snjó á skíðasvæðum landsmanna, vatnstöku úr bæjarlæknum eða að moka ofan í skurð í mýri, allt skal þetta felld undir lögin. Eins virðist mega fella rigningu, þokusudda og snjókomu undir frumvarpið.

Það er eindregið lagt til að gildissvið frumvarpsins verði endurskoðað þannig að það nái til þeirra vatna sem eðlilegt er að undir lögin falli og verði ekki víðtækari en í hinum eldri lögum.

- B. Það vekur athygli að jarðhiti virðist felldur undir frumvarpið án þess að hans sé sérstaklega getið nema í skilgreiningum og það sama má segja um grunnvatn. Ekki verður séð að sérstök þörf sé á að fella grunnvatn og jarðhita undir þessi lög og hafa þau ekki fallið undir vatnalög hingað til og ekki kunnugt um sérstök vandkvæði sem af því hafa hlotist. Mjög ítarleg ákvæði um þessar auðlindir er að finna í *lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og í frumvarpi til laga um jarðrænar auðlindir*. Ekki er að finna sérstaka umfjöllun um það í frumvarpinu eða greinargerð með því hver þörfin er á að fella þessar auðlindir undir frumvarpið.

Því er lagt til að gildissvið laganna verði þrengt þannig að það sé ljóst að hvorki jarðhiti né grunnvatn falli hér undir.

Vatnafélög:

Í VIII. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um vatnafélög sem er mun einfaldari en í gildandi lögum og er gert ráð fyrir að heimilt sé mönnum að stofna slík félög. Tekið er fram að gildi samþykktu vatnafélags sé háð staðfestingu iðnaðarráðherra. Ekkert er tekið fram um á hvaða forsendum slík staðfesting á að byggja né heldur á hvaða forsendum ráðherra getur synjað samþykktum staðfestingar. Í frumvarpinu er heldur ekki að finna nein efnisrök um hvaða hagsmuna er verið að gæta með ákvæðinu. Engin sérstök þörf virðist á eftirliti ráðherra með stofnun þessara félaga.

Því er lagt til að 4. mgr. 29. gr. falli niður.

Stjórnarsýsla:


Í vatnalögum nr. 15/1923 er ekki að finna ákvæði um sérstaka stjórnvaldsstofnun sem fylgist með framkvæmd laganna og hefur eftirlit með þeim. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að Orkustofnun skuli tilkynnt um allar framkvæmdir í vötnum óháð umfangi þeirra eða hvers eðlis þær kunna að vera eða hvort framkvæmdirnar falli undir önnur lög, s.s bygginga- og skipulagslög, lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir) og svo framvegis. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti sett mönnum skilyrði við framkvæmdir og sömuleiðis að hún geti bannað framkvæmdir. Auk þess er Orkustofnun það í sjálfsvald sett hvaða framkvæmdir hún getur bannað og hvaða skilyrði hún setur.


Í frumvarpinu og greinargerð með því er engin tilraun gerð til að skýra hvaða markmiðum eigi að ná með þessum ákvæðum, hvernig þau samræmast öðrum lögum, hvernig leyfisveitingar Orkustofnunar eigi að vera og hvaða skilyrði hún getur sett. Engin tilraun virðist hafa verið gerð til að líta til laga um opinberar eftirlitsreglur, reglugerðar sem sett hefur verið með þeim og gátlista sem fylgir reglugerðinni.

Þessum ákvæðum er harðlega mótmælt. Engin þörf virðist á að Orkustofnun gegni neinu sérstöku hlutverki samkvæmt þessu frumvarpi sem fjallar fyrst og fremst um samskipti landeigenda og nýtingu vatnsréttinda.

Því er lagt til að 35. og 36. grein frumvarpsins falli brott og sömuleiðis 1. ml. 2. mgr. 34. gr.

Virðingar fyllst

Samtök atvinnulífsins

Pétur Reimarsson

Samtök iðnaðarins

Bryndís Skúladóttir